

## FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**751. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 25. júní 2012 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

### Dagskrá:

1. Drög að húsaleigusamningi v/ dreifnáms.
2. Bréf Fjárlaganefndar Alþingis.
3. Bréf Umhverfissráðuneytisins.
4. Starfsmannamál.

### Afgreiðslur:

1. Sveitarstjóri lagði fram drög að húsaleigusamningi v/ dreifnáms. Um er að ræða húsnæði á 1. hæð Félagsheimilisins Hvammstanga alls 141 fermetrar. Byggðarráð samþykkir samningsdrögin og felur sveitarstjóra undirritun leigusamningsins.
2. Lagt fram bréf Fjárlaganefndar Alþingis þar sem kynntar eru breyttar áherslur nefndarinnar í samskiptum við sveitarfélögin á fyrirhuguðum fundum hennar með sveitarstjórnarmönnum síðar á árinu. Byggðarráð ítrekar áhyggjur sínar af breyttu vinnulagi Fjárlaganefndar Alþingis varðandi safnliði fjárlaga og áherslum sem kynntar eru í bréfinu. Byggðarráð felur sveitarstjóra að svara bréfi fjárlaganefndar.
3. Bréf Umhverfissráðuneytisins lagt fram en þar er gerð grein fyrir fyrirbyggjandi drögum landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs. Óskað er ábendinga og athugasemda frá sveitarfélögum og ber þeim að skila til ráðuneytisins eigi síðar en 15. ágúst nk. Byggðarráð samþykkir að vísa drögum til skoðunar tæknideildar.
4. Sveitarstjóri gerði grein fyrir starfsmannabreytingum í Grunnskóla Húnaþings vestra og á Leikskólanum Ásgarði, m.a. tímabundinni ráðningu Þórunnar H. Þorvaldsdóttur í starf aðstoðarleikskólastjóra með aðalstarfsstöð á Borðeyri.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 14:35

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Stefán Böðvarsson.

---

Elín R. Línal.

---

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheymarfulltrúar:

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Sigurður Kjartansson.